

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 147/2003**

**frá 7. nóvember 2003**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2003 frá 26. september 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði <sup>(2)</sup>, skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/11/EB frá 6. febrúar 2003 um tuttugustu og fjórðu breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (pentabromódífenýleter, oktabromódífenýleter) <sup>(3)</sup>, eins og hún var leiðrétt í Stjtið. ESB L 170, 9.7.2003, bls. 31, skal felld inn í samninginn.
- 4) Í tilskipun 2002/95/EB er vísað í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB <sup>(4)</sup> frá 27. janúar 2003 sem tilheyrir ekki samningnum, en til athugunar er að fella hana inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

XV. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE):  
„- **32003 L 0011:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/11/EB frá 6. febrúar 2003 (Stjtið. ESB L 42, 15.2.2003, bls. 45), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. ESB L 170, 9.7.2003, bls. 31.“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12p (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1687/2002):

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 22 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 42, 15.2.2003, bls. 45.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.

„12q. **32002 L 0095**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2002/95/EB og 2003/11/EB, eins og hún var leiðrétt í Stjtið. ESB L 170, 9.7.2003, bls. 31, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. nóvember 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*Prins Nikulás af Liechtenstein*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.